

**STÆRSTA KVÍKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is**

Þú ert þú undir bragðbestu skemmtun ársins. Sat tvær vikur á toppnum í USA.

**Charlie and the Chocolate Factory**  
NÝ GAMANMYND FRÁ LEIKSTJÓRA ÍSLENSKA DRAUMSINS OG MAÐUR EINS OG ÉG

**STRÁKARNIR OKKAR**  
NÝ GAMANMYND FRÁ LEIKSTJÓRA ÍSLENSKA DRAUMSINS OG MAÐUR EINS OG ÉG

**HEAD in the CLOUDS**  
PRÍÚ LÍF. EINN ÖRLÖG. STUART TOWNSEND TH

Charlie and the Chocolate ..	kl. 5.40 - 8 og 10.20	
Strákarnir Okkar	kl. 6 - 8 og 10	b.i. 14
Racing Stripes	kl. 6	
Head in the Clouds	kl. 8 og 10.30	b.i. 16
The Skeleton Key	kl. 5.50 - 8 og 10.10	b.i. 16
Herbie Fully Loaded	kl. 6	
The Island	kl. 8 og 10.30	b.i. 16

**Háskólabíó**

**THE DUKES OF HAZZARD**

**RACING STRIPES**  
HANN ER RÖNG HESTATEGUND... EN MEÐ RÉTTU SAMBÖNDINI!

**SKELETON KEY**  
AB ÖTTAST ER AB TRÚA

**ALFABAKKI**

Sýningartímar samböndunum

CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTOR	kl. 3.30 - 6 - 8.20 - 10.10
CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY	kl. 3.30 - 6 - 8.20
STRÁKARNIR OKKAR	kl. 4 - 6 - 8 - VIP 10.40 b.i. 14
HERBIE FULLY LOADED	kl. 4 - 6.15

**THE ISLAND**  
SKELETON KEY  
RACING STRIPES  
MADAGASCAR  
RACING STRIPES

www.sambioin.is

# Ásta, Daði og Unnar í Nýló

ÞRÍR listamenn opnuðu sýningar í Nýlistasafninu á laugardaginn var; Ásta Ólafsdóttir, Daði Guðbjörnsson og Unnar Jónasson Auðarson.

Ásta sýnir í norðursal safnsins en sýning hennar ber nafnið Áttarhorn/ Azimuth, sem er tilvísun í stjarnfræðilega vídd. Þá er áttarhornið það horn sem er á milli þeirrar áttar sem þú vísar til og höfuðáttar. Ásta útskrifaðist úr Jan Van Eyck-akademíunni í Hollandi árið 1986 og hefur sýnt verk sín heima og erlendis. Daði Guðbjörnsson sýnir í suður-

hluta safnsins verk sem hann kallar Málverk. Það átti að hans sögn upphaflega að vera einskonar uppgjör við það í hans höfundarverki sem kennt hefur verið við hina svokölluðu hugmyndalist eða konseptlist, sem hann er efins um að hann tilheyrir á neinn hátt. Daði útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1980 og nam síðar við Rijksakademi van Beldende Kunst í Amsterdam.

Unnar Jónasson Auðarson kallar sína sýningu „SamanSafn, Rjóður, Ákvarðanir“, en verkið Rjóður er

hugsað til að tengja saman sýningar hinna listamannanna tveggja. Sýningin er innsetning sérstaklega gerð með sýninguna á Nýlistasafninu í huga en verkið er safn ólíkra gagna sem tengjast öll á einn eða annan hátt.

Sýningarnar standa til 2. október. Nýlistasafnið er nú til húsa á Laugavegi 26, fyrir ofan plötubúð Skífunnar. Inngangur er frá Grettisgötu og um undirgang frá Laugavegi. Safnið er opið miðvikudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.



Fyrir þau sem enn ekki vita er Nýlistasafnið nú til húsa ofan við verslun Skífunnar á Laugavegi.



Morgunblaðið/Golli  
Böðvar Bjarki og Daði Guðbjörnsson, en Daði kallar sýningu sína Málverk.



Haraldur Jóhannsson, Fjóla Friðriksdóttir og Soffía Þorsteinsdóttir.



Guðrún Vera Hjartardóttir opnaði sýningu á höggmyndum sínum í Hafnarhúsinu á föstudagskvöldið.

# Borg í boði í Hafnarhúsinu

„HVERNIG borg má bjóða þér?“ spyrja aðstandendur sýningar sem opnuð var í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur á föstudagskvöldið. Sýningin er afrakstur samstarfs Listasafns Reykjavíkur og



Dagur B. Eggertsson, Árni Geirsson og Halldóra Hreggviðsdóttir voru hress.

skipulagsyfirvalda í Reykjavík. Henni er ætlað að varpa ljósi á fortíð og framtíð skipulagsmála í borginni, en eins og aðstandendurnir benda á stendur nú fyrir dyrum skipulag Vatnsnýrarinnar, eitt stærsta skipulagsverkefni sem borgarbrúar hafa tekist á við.

Á sýningunni getur að líta gríðarlega stóra loftmynd af Reykjavík, módel, ljósmyndir, skipulagsdrög og teikningar. Þar er einnig vettvangur fyrir fagfólk og leikmenn til að skoða skipulag borgarinnar og koma með hugmyndir að nýjum lausnum. Borgarbrúar og aðrir gestir sýningarinnar geta tekið þátt á ýmsa vegu, meðal annars í tilraunastofunni Úrbanistan.

Á sýningartímabilinu verður efnt til opinna umræðuþinga og boðið upp á ýmsar upptakomur. Sýningarstjóri er Ágústa Kristófersdóttir.



Morgunblaðið/Eggert  
Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri skoðar borgina sína.